



Körfuknattleiksþing 13. mars 2021

ÞINGBOÐ

Reykjavík, 27. janúar 2021

**Körfuknattleiksfélög
Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands
Héraðssambönd og Íþróttabandalög**

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands boðar með bréfi þessu til þings sambandsins 13. mars næstkomandi. Þingið verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Vegna þeirra samkomutakmarkana sem eru í gildi og óvissunnar sem ríkir um hverjar takmarkanirnar verða þann 13. mars næstkomandi, þá leikur vafi á hvort hægt verði að halda þing KKÍ með hefðbundnum hætti.

Eins og tilkynnt var til félaganna 21. janúar síðastliðinn hefur stjórn KKÍ því ákveðið að þing sambandsins verði með haldið með fjarfundarbúnaði ef takmarkanir verða enn á samkomum vegna COVID-19 farsóttarinnar

Sambandsaðilum til upplýsinga og glöggvunnar eru helstu dagsætningar fram að þingi sem hafa þarf í huga samkvæmt lögum KKÍ:

- Í síðasta lagi föstudaginn 29. janúar þarf stjórn KKÍ að senda út þingboð á sambandsaðila KKÍ og er það hér með gert í bréfi þessu.
- Föstudagurinn 19. febrúar er síðasti dagur fyrir sambandsaðila að skila inn tillögum og þingsályktunum fyrir þingið. Allar tillögur og þingsályktanir skal senda á kki@kki.is.
- Í síðasta lagi föstudaginn 19. febrúar skal skrifstofa KKÍ senda kjörbréf til allra sambandsaðila.
- Miðvikudagurinn 3. mars er síðasti dagur til að skila inn framboðum til stjórnar. Framboðum skal skila rafrænt á kki@kki.is eða skriflega á skrifstofu KKÍ.





KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

- Í síðasta lagi föstudaginn 5. mars þarf stjórn KKÍ að senda út tillögur sem liggja fyrir þinginu, dagskrá þings og ársskýrslu á sambandsaðila.
- Í síðasta lagi föstudaginn 5. mars þurfa sambandsaðilar að skila inn útfylltum kjörbréfum til skrifstofu KKÍ svo félög geti verið með atkvæði á þinginu.
- Í síðasta lagi föstudaginn 5. mars þurfa félög að gera upp skuldir sínar við KKÍ þannig að félagið sé skuldlaust viku fyrir þing og geti verið með atkvæði á þinginu.

Lög KKÍ og allar reglugerðir sambandsins má nálgast á heimasíðu KKÍ: www.kki.is.

Nánari dagskrá og kjörbréf verða send út þegar nær dregur þingi og samkvæmt lögum KKÍ.

Ef sambandsaðilar óska eftir frekari upplýsingum eða aðstoð vegna tillögu- eða þingsályktunargerðar fyrir þingið þá veitir skrifstofa KKÍ fúslega þá aðstoð sem óskað er eftir.

Fyrir hönd Körfuknattleikssambands Íslands,


Hannes S. Jónsson
Formaður KKÍ


Sigrún Ragnarsdóttir
Skrifstofustjóri KKÍ